

**Ed.** **332. Frumvarp til laga** [169. mál]  
um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Flm.: Stefán Jónsson, Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson,  
Ingi Tryggvason.

**1. gr.**

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Skylt er ökumanni og farþega bifhjóls að nota hlífðarhjálma við akstur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Höfuðmeiðsli, er leiða til örkuðla eða bana, eru uggvænlega tíð í bifhjólaslysum. Löggæslumenn og lækna er samdóma um að bifhjólamönnum sé mikil vörn í hlífðarhjálma — og nefna þess dæmi. Notkun hjálma þessara hefur færst í vöxt síðari árin, en æskilegt er talið að kveðið verði á um hana í lögum.